

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júní 2001

Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs á fyrrí árshelmingi. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðshreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðsstreymisyfirlit. Tölurnar eru því ekki sambærilegar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Heildaryfirlit

Fyrstu sex mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 1,7 milljarða króna samanborið við 10,6 milljarða jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er tæplega 5,8 milljörðum króna lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum. Tekjur eru rúmlega 1 milljarði yfir áætlun. Gjöldin eru 6,8 milljörðum umfram það sem áætlað var, sem að mestu má rekja til sérstakra tilefna svo sem vaxtagreiðslna vegna forinnlausnar spariskírteina, hæstaréttardóms vegna málefna öryrkja, o.fl.

Í samanburði við fyrra ár hækka tekjurnar um 7,2 milljarða, einkum vegna aukinnar innheimtu tekjuskatta. Útgjöld hækka mun meira, eða um 19,5 milljarða króna. Tæplega helming útgjaldaukningaráinnar má rekja til sérstakra tilefna. Þannig nemur hækkun vaxtagreiðslna um 3,4 milljörðum; sérstakar greiðslur til öryrkja nema 1,3 milljörðum króna; 1,7 milljarðar stafa af auknum útgjöldum til Trygggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratrygginga og bóta vegna félagslegrar aðstoðar; uppkaup á fullvirðisrétti bænda nema 0,8 milljörðum og sérstök hækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1,3 milljörðum. Að þessum hækkunartilefnum frátöldum hækka útgjöld um 11 milljarða króna milli ára. Rétt er að vekja athygli á að hluti af þessari hækkun kemur ekki til gjalda á rekstrargrunni á þessu ári.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2001 (í milljónum króna)

	1998	1999	2000	2001
Innheimtar tekjur.....	79.278	90.554	100.720	107.930
Greidd gjöld.....	75.713	81.929	90.079	109.578
Handbært fé frá rekstri.....	3.565	8.625	10.641	-1.651
Fjármunahreyfingar.....	3.312	-4.180	3.022	-2.018
Hreinn lánsfjárjöfnuður.....	6.877	4.445	13.663	-3.669
Afborganir lána.....	-7.459	-18.063	-20.555	-21.982
Innanlands.....	-7.267	-8.392	-11.746	-7.229
Erlendis.....	-192	-9.671	-8.808	-14.753
Greiðslur til LSR og LH.....	0	0	-3.000	-7.500
Lánsfjárjöfnuður, brúttó.....	-582	-13.617	-9.892	-33.151
Lántökur.....	8.438	8.646	9.473	31.359
Innanlands.....	13.603	-484	2.101	10.538
Erlendis.....	-5.165	9.130	7.372	20.821
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	7.857	-4.972	-419	-1.793

Hreinn lánsfjárþöfnuður var neikvæður um 3,7 milljarða króna sem er 6,4 milljörðum lakari útkoma en áætlað var og 17,3 milljörðum lakara en í fyrra. Skýringin á lakari útkomu en í fyrra er, auk þess sem áður er nefnt, að á árinu 2000 komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999.

Á fyrr helmingi þessa árs voru auk þess greiddir 7,5 milljarðar króna í Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynnka á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða 15 milljarða í LSR.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2001 reyndist neikvæð um tæplega 1,8 milljarða króna, sem er um 1,4 milljörðum lakara en sama tímabili árið áður.

Tekjur

Heildartekjur ríkissjóðs námu 107,9 milljörðum króna á fyrr helmingi ársins og voru um milljarði umfram áætlun. Hækkunin milli ára nemur 7,2 milljörðum, eða rúmlega 7%. Skatttekjur hækka heldur minna, eða um 6½%. Til samanburðar má nefna að hækkun skatttektina á sama tíma í fyrra nam um 12% og 16½% árið þar á undan. Þessar tölur gefa góða mynd af því hve mjög hefur dregið úr vexti innlendrar eftirspurnar, einkum á þessu ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2001 (í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári, %						
	1998	1999	2000	2001	1999	2000	2001
Skatttekjur í heild.....	71.792	83.599	93.813	99.852	16,4	12,2	6,4
Skattar á tekjur og hagnað.....	20.490	24.031	28.895	34.541	17,3	20,2	19,5
Tekjuskattur einstaklinga.....	16.132	18.184	20.814	23.673	12,7	14,5	13,7
Tekjuskattur lögaðila.....	2.330	3.403	4.279	5.980	46,1	25,7	39,8
Skattur á fjármagnstekjur.....	2.028	2.444	3.802	4.888	20,5	55,6	28,6
Tryggingagjöld.....	7.629	8.340	9.291	10.104	9,3	11,4	8,8
Eignarskattar.....	3.779	4.105	4.462	5.220	8,6	8,7	17,0
Skattar á vöru og þjónustu.....	39.779	47.039	51.007	49.775	18,3	8,4	-2,4
Virðisaukaskattur.....	24.231	29.252	32.838	32.559	20,7	12,3	-0,8
Aðrir óbeinir skattar.....	15.548	17.787	18.169	17.216	14,4	2,1	-5,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.163	2.985	2.752	1.718	38,0	-7,8	-37,6
Vörugjöld af bensíni.....	3.161	3.239	3.743	3.573	2,5	15,6	-4,5
Þungaskattur.....	1.756	1.935	1.859	2.077	10,2	-3,9	11,7
Áfengisgjald og hagnaður ÁTVR	3.717	4.003	4.147	3.868	7,7	3,6	-6,7
Annað.....	4.751	5.625	5.668	5.980	18,4	0,8	5,5
Aðrir skattar.....	115	85	158	213	-26,1	85,9	34,8
Aðrar tekjur.....	7.486	6.955	6.907	8.077	-7,1	-0,7	16,9
Tekjur alls.....	79.278	90.554	100.720	107.930	14,2	11,2	7,2

Aukin innheimta skatta á launa- og fjármagnstekjur og hagnað, einstaklinga sem fyrirtækja, skýrir að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs frá fyrra ári. Hér gætir hins vegar að nokkru sérstakra, tímabundinna skýringa sem mun draga úr á næstu mánuðum, svo sem því að á þessu tímabili falla til launahækkanir tveggja tímabila, þ.e. bæði hækkun samkvæmt kjarasamningum vorið 2000 og viðbótarhækkenun vorið 2001 auk þess sem ósamíð er við nokkurn hluta ríkis- og bæjarstarfsmanna. Samanlagt eru skattar á tekjur og hagnað ásamt tryggingagjaldi 5 milljörðum króna umfram áætlun á fyrr helmingi ársins. Eignarskattar eru hins vegar nánast á áætlun.

Önnur mynd blasir við þegar horft er á þróun veltuskatta, en þeir eru rúmlega milljarði lægri í krónutölu á fyrr hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra og 4 milljörðum króna undir áætlun. Þessi þróun endurspeglar umtalsverðan samdrátt að raungildi, eða sem nemur 8%. Þetta má einkum rekja til verulegs samdráttar í

neysluvöruútgjöldum milli ára, ekki síst bifreiðakaupum, en vörugjöld af innflutningi bifreiða hafa dregist saman um hartnær 40% milli ára, eða sem nemur 1 milljarði króna. Þessi áhrif koma einnig fram í minni tekjum af virðisaukaskatt, en hann er nánast óbreyttur í krónum talið frá því í fyrra.

Gjöld

Heildargreiðslur ríkissjóðs námu um 109,6 milljörðum króna á fyrri árshelmingi og er það 6,8 milljörðum króna umfram áætlun. Frávik koma einkum fram í 1,3 milljarða króna umframgreiðslu lífeyristrygginga í kjölfar hæstaréttardóms um örorkubætur og 1,3 milljarða króna vaxtagreiðslu vegna forinnlausnar spariskírteina. Auk þess skýrist um 1 milljarður af tilfærslu milli mánaða, þar sem mánaðardreifing áætlunar tekur mið af áföllnum rekstrargjöldum innan ársins, en greiðslur Ríkisféhirðis falla til fyrr innan ársins og veldur tilfærslu sem réttist af í árslok. Gjöldin hækka um 19,5 milljarða frá fyrra ári og vega þar fimm tilefni þyngst, sbr. umfjöllun í yfirlitskaflanum hér að framan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní 2001 (í milljónum króna)

	Breyting í %				
	1999	2000	2001	1999-2000	2000-2001
Almenn mál.....	9.190	10.967	11.150	19,3	1,7
Almenn opinber mál.....	5.116	6.119	6.048	19,6	-1,2
Löggæsla og öryggismál.....	4.074	4.848	5.102	19,0	5,2
Félagsmál.....	50.433	53.196	64.115	5,5	20,5
Þar af: Fræðslu- og menningarmál...	11.923	12.826	14.849	7,6	15,8
Heilbrigðismál.....	20.760	22.177	26.476	6,8	19,4
Almannatryggingamál.....	14.901	15.025	19.144	0,8	27,4
Atvinnumál.....	12.827	13.468	16.637	5,0	23,5
Þar af: Landbúnaðarmál.....	4.427	4.497	5.734	1,6	27,5
Samgöngumál.....	4.881	5.224	6.536	7,0	25,1
Vaxtagreiðslur.....	6.873	8.962	12.340	30,4	37,7
Aðrar greiðslur.....	2.607	3.486	5.336	33,7	53,1
Greiðslur alls.....	81.929	90.079	109.578	9,9	21,6

Almenn mál. Útgjöld til almennra mála, en þar undir fellur æðsta stjórn ríkisins, lækka lítilega milli ára. Á síðasta ári voru töluverð útgjöld vegna 1000 ára afmæli kristnitökunnar sem ekki koma til í ár, auk þess sem sérstakar viðhaldsframkvæmdir eru lægri en í fyrra. Hækjun gjalda löggæslu og öryggismála nemur aðeins 250 m.kr. Þar sem lægri útgjöld vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir vega upp á móti almennri launa- og verðlagsþróun.

Félagsmál. Tæp 60% af útgreiðslum á tímabilinu runnu til ýmissa félagsmála, svo sem fræðslu- menningar-, heilbrigðis- og tryggingamála. Útgjöld til þessa málaflokks hækka í heild um 10,9 milljarða króna milli ára. Hækjun vegna fræðslumála nam 2 milljörðum króna og munar mestu um flýtingu greiðslna til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna, eða 550 m.kr. Æn nú er fyrirséð að útlán sjóðsins hækka umfram áætlun vegna gengislækkunar íslensku krónunnar. Greiðslur til framhalds- og sérskóla aukast um 720 m.kr. sem m.a. skýrist af viðbótaryfirvinnu eftir lok verkfalls framhaldsskólakennara, auk launahækkaná í kjölfar kjarasamnings. Greiðslur vegna menningarmála hækka um 360 m.kr., eða 8,5% milli ára.

Framlög til heilbrigðismála hækka um 4,3 milljarða króna. Hluti af þeiri hækjun, um 1,3 milljarðar, skýrist af auknum greiðslum til Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári. Á sl. ári jukust útgjöld stofnunarinnar til sjúkratrygginga hraðar en greiðslur ríkissjóðs til hennar námu. Þetta hefur nú verið rétt af til að bæta greiðslustöðu stofnunarinnar. Þá hækka rekstrarframlög til sjúkrastofnana um rúmlega 1,6 milljarða króna, eða 13% milli ára. Þar af eru 1,4 milljarðar hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og á Akureyri, en greiðslur til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hækka um 250 m.kr. Hlutfallslega er þó mesta hækkinin hjá öldrunar- og endurhæfingarstofnunum, rúmlega 1 milljarður króna, eða 30%. Er það að mestu í samræmi við áætlanir fjárlaga, fjögur ný hjúkrunarheimili bættust við á tímabilinu, auk þess sem daggjöld hækka og greiðslur færast meira yfir á fyrrí hluta ársins.

Greiðslur almannatrygginga hækka um 4,1 milljarð, eða 27,4%. Greiðslur vegna lífeyristrygginga og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð hækka um 2,6 milljarða milli ára. Þar munar mestu um áður greinda 1.300 m.kr. greiðslu vegna dóms Hæstaréttar í málefnum öryrkja, en auk þess skýrast tæpar 500 m.kr. af tilfærslu milli mánaða til að bæta greiðslustöðu Tryggingastofnunar ríkisins. Ný lög um fæðingarorlof hafa leitt til 820 m.kr. greiðslu það sem af er árinu. Hins vegar hækka greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs mun minna, eða um 200 m.kr., enda mælist atvinnuleysi um 1,5% það sem af er árinu á móti 1,9% á sama tíma í fyrra.

Atvinnumál. Útgjöld til atvinnumála hækka samtals um tæplega 3,2 milljarða króna, sem er 23,5% hækkun frá því í fyrra. Greiðslur til samgöngumála hækka um 1,3 milljarða króna. Þar af eru 800 m.kr. hækjun til Vegagerðarinnar og 300 m.kr. til Siglingastofnunar. Af einstökum tilefnum munar mestu um upppaup ríkisins á fullvirðisrétti bænda, en 780 m.kr. eingreiðsla fór til þess verkefnis í janúar. Framlög til Byggðastofnunar hækka um tæpar 100 m.kr. milli ára.

Vaxtagreiðslur hækka um 3,4 milljarða króna, eða 37,7. Þar af hækka greiðslur vegna spariskíteina um 1,8 milljarða króna sem skýrist af því að stór flokkur spariskíteina kom til innlausnar í febrúar. Þá hækka vaxtagreiðslur vegna erlendra lána um 1,5 milljarða króna milli ára.

Önnur útgjöld hækka um tæpa 1,9 milljarða króna milli ára, eða 53% vegna tveggja tilefna. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka um ,3 milljarða og greiðslur uppbóta á lífeyri sem renna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hækka um 0,5 milljarða króna.

Lánahreyfingar

Fjármunahreyfingar voru neikvæðar um 2 milljarða króna á fyrrí helmingi þessa árs, en á sama tíma í fyrra námu innborganir 3 milljörðum króna. Skýring á þessum mun kemur einkum fram í því að í janúar á síðasta ári voru innborganir vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum 5,5 milljarðar króna.

Afborganir lána ríkissjóðs námu 22 milljörðum króna og eru að stærstum hluta vegna erlendra lána. Í febrúar var á innlausn flokkur spariskíteina frá árinu 1990 og hafa bréf í þeim flokki verið innleyst fyrir um 8,8 milljarða króna að innlausnarvirði, en þar af voru afborganir 4,8 milljarðar. Auk þess hafa spariskíteini verið forinnleyst í upppaupaútboðum úr þremur spariskíteinaflokkum fyrir 3,6 milljarða króna að innlausnarvirði. Þar af nema afborganir 2,2 milljörðum. Uppkaup með þessum hætti beinast að þeim flokkum spariskíteina sem ekki eru nægilega seljanlegir á eftirmarkaði eða stutt eftir að gjalddaga þeirra.

Ákveðið hefur verið að ráðstafa hluta lánsfjárafgangs ríkissjóðs til greiðslu lífeyrisskuldbindinga hans hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Greiðslur til sjóðsins voru 7,5 milljarðar króna samanborið við 3 milljarða í fyrra.

Lántökur ríkisins námu um 31,4 milljörðum króna. Þar af voru erlendar lántökur til langs tíma 20,7 milljarðar sem að stærstum hluta runnu til niðurgreiðslu annarra erlendra skulda. Það sem af er árinu hefur stofn ríkisvíxlstaðkkað um 6 milljarða króna, auk þess sem seld hafa verið ríkisbréf í nýjum 6 ára flokki fyrir um 4,4 milljarða króna.